

## Hæfniviðmið – þrep 2

Áttað sig á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
Áttað sig á mikilvægi þess að sýna öðrum umhyggju, samkennd og sáttfýsi.
Áttað sig á samhengi orða, athafna og afleiðinga og bent á leiðir til úrbóta.
Rætt um viðfangsefni hverju sinni og notað valin hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsleg málefni.
Aflað sér upplýsinga um tiltekin viðfangsefni og metið heimildir og ólík sjónarhorn.
Varast hættur í umhverfi sínu og þekki til slysavarna og viðbragða við slysum.
Sagt frá sjálfum sér, s.s fjölskyldu, búsetu og venjum, lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmyndina.
Þekkt muninn á jákvæðum og neikvæðum viðhorfum, dyggða og gildismat fyrir eigin sjálfsvitund.
Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og veikleikum.
Þekkt muninn á jákvæðum og neikvæðum viðhorfum, dyggða og gildismat fyrir eigin sjálfsvitund.
Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og veikleikum.
Bent á fyrirmyndir sem eru áhrifavaldar, vegið og metið áhrif þeirra og hvernig vinna megi með það á uppbyggjandi hátt.
Áttað sig á tilfinningum sínum, s.s. gleði, sorg og reiði, áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.
Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti, tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.
Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum tímum.
Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, borið kennsl á ólíkan bagrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
Sýnt sanngirni og ábyrgð í samskiptum við aðra.
Tekið þátt í samræðu sem þátttakandi í samfélaginu, um réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðasáttmálum.
Áttað sig á gildi jafnréttis og mannréttinda í daglegum samskiptum.